

Ár 2014, mánudaginn 10. nóvember, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður aganefndar Gólf sambands Íslands í málinu nr. 2/2014

**Mótsstjórn sveitakeppni drengja 15 ára og yngri á Selsvelli, Flúðum,  
(sem haldin var dagana 22.-24. ágúst 2014)**

**gegn**

**Gunnari Jónssyni**

Þann 15. september 2014 barst aganefnd kæra frá **Mótsstjórn sveitakeppni drengja 15 ára og yngri á Selsvelli, Flúðum**, (hér eftir nefndur kærandi), dags. 5. september sl., á hendur Gunnari Jónssyni, kt. 071260-3219, (hér eftir nefndur kærði), vegna meintra agabrota á fyrsta keppnisdegi í Sveitakeppni drengja sem fram fór hjá Gólfklúbbnum Flúðum dagana 22.-24. ágúst síðastliðinn.

Kæran var móttækin á skrifstofu GSÍ þann 5. september og var send til kjörinnar aganefndarmanna sem allir lýstu sig vanhæfa til að fara með málið. Voru varamenn aganefndar kallaðir til þann 15. september. Einn varamanna lýsti sig einnig vanhæfan og samþykkti stjórn GSÍ á fundi þann 19. september að skipa Þorvald Jóhannesson í aganefnd í þessu tiltekna máli.

Krafa kæranda er eftirfarandi:

*„Kærandi óskar eftir því að aganefnd GSÍ taki til meðferðar framkomu kærða, Gunnars Jónssonar, í garð eins keppanda og dómara í mótinu, líkt og nánar er lýst í málavaxtalýsingu hér að neðan sem og meðfylgjandi dómarskýrslu.*

*Farið er fram á að aganefnd kanni sjálfstætt neðangreinda málavexti auk þeirra sem fram koma í dómarskýrslu og beiti eftir atvikum þeim viðurlögum sem nefndin hefur heimild til, samkvæmt 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ, telji nefndin tilefni til þess.“*

Að mati aganefndar er kærða gefið að sök brot á agareglum vegna óþrúðmannlegrar eða ámælisverðrar framkomu með framkomu sinni gagnvart einum keppanda og dómara í mótinu og þess krafist að kærði verði beittur þeim viðurlögum sem nefndinni er heimilt að beita skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ.

Á fundi aganefndar þann 19. september sl. var kæran tekin fyrir og afstaða tekin til hugsanlegra formgalla á henni. Að mati nefndarinnar voru engir formgallar á kærinni sem gætu valdið frávisun hennar. Af þeim sökum ákvað aganefnd að taka kærana til efnislegrar meðferðar og var kærða send kærana ásamt fylgigögnum í ábyrgðarpósti þann 22. september sl. og var skorað á hann að halda uppi vörnum í málinu innan sjö daga frá

dagsetningu bréfsins, sbr. 8. gr. reglugerðar um aganefnd. Veittur var umbeðinn viðbótarfrestur til 6. október. Aganefnd barst greinargerð kærða þann dag, þar sem fram kom lýsing hans á málavöxtum og gerði kærði þá kröfu að málinu yrði vísað frá aðallega en til vara að hann yrði sýknaður af kærinni.

Aganefnd boðaði kærða og vitnin Þorgrím Björnsson, Hörð Þorsteinsson og Arnar Geirsson til skýrslutöku sem fram fóru þann 14. og 15. október sl. Kærði og vitni mættu og gáfu skýrslu fyrir nefndinni.

## I. Málavextir

Að mati aganefndar eru atvik í málinu að mestu óumdeild, hvað varðar þau atriði sem aganefnd telur skipta máli við úrlausn málsins og eru eftirfarandi: Atvik voru nánar með þeim hætti að á fyrsta degi mótsins var spilaður fjórmenningur í holukeppni. Kærði var áhorfandi og fylgdi sveit Keilis A og GKG B, þar sem sonur hans var keppandi. Leikurinn hófst hjá þessum tiltekna ráshópi á 10. teig. Á 15. braut vildi þannig til að annar leikmaður Keilis, sló upphafshögg sitt til hægri í hliðarvatnstorfæru eða karga. Kærði kveðst hafa verið framvörður í sjálfboðastarfi og hafi byrjað að leita að boltanum á undan leikmönnum. Leikmaðurinn hafi komið til kærða og spurt hvort hann hafi séð boltann, sem kærði neitaði og hafi leikmaðurinn þá farið að leita líka.

Óumdeilt er að leikmaðurinn var með með bolta í höndinni áður eða þegar hann fór leita. Ágreiningur er hins vegar um hvort leikmaðurinn hafi misst boltann úr höndinni eins og hann sjálfur segir eða eins og kærði heldur fram að hann hafi verið að þukla í karga eftir boltanum og þegar hann hafi risið upp hafi hann ekki lengur verið með boltann í höndinni. Kærði kveðst þá hafa farið á svæðið þar sem leikmaðurinn leitaði og þar hafi kærði fundið boltann uppstilltan.

Að mati aganefndar skipta framangreind atvik ekki máli við úrlausn þessa máls heldur þau óumdeildu atvik sem áttu sér stað í kjölfarið. Kærði segist þá hafa spurt leikmanninn hvar boltinn væri sem hann hefði verið með í hendinni og kveðst hafa átt nokkrar orðræður um þetta við leikmanninn, sem ekkert hafi sagt strax en hafi sagt að lokum að hann hlyti að hafa misst boltann. Kærði kveðst þá hafa sagt við leikmanninn að hann hefði ekkert misst bolta og að þetta hlyti að vera holutap og að leikmaðurinn hafi þá fallist á að taka á sig holutap. Í skýrslutöku fyrir aganefnd tók kærði jafnframt fram að hann hafi áður orðið var við að umræddur leikmaður hafi svindlað og því hafi hann fundið sig knúinn til þess að hafa afskipti af leikmanninum í umrætt skipti, til þess að koma í veg fyrir svindl.

Eftir þetta hélt leikurinn áfram og samkvæmt því sem kemur fram í dómarskýrslu hafði liðsstjóri Keilis samband við Þorgrím Björnsson dómara í leiknum og kvartað undan óeðlilegri afskiptasemi kærða við leikmann Keilis. Þetta hafi leitt til þess að leikmenn Keilis hafi ákveðið að taka á sig holutap án þess að ráðfæra sig við dómara eða liðsstjóra. Þegar leið á leikinn hafi atvikið verulega farið að hafa áhrif á leik þeirra og hafi þeir því ákveðið að tala við sinn liðsstjóra til að fá kærða færðan frá sér.

Framburðarskýrslur Þorgríms dómara og kærða eru í grundvallaratriðum eins. Dómari mun hafa komið að kærða á 3. teig og beðið hann að lýsa atvikinu fyrir sér, sem kærði gerði. Óumdeilt er að dómari tók fram við kærða að honum hafi verið algjörlega bannað að tjá sig á þennan hátt við leikmann og þá skipti engu hvað gerðist í leiknum, áhorfendur mættu ekki skipta sér af leiknum. Kærði kvaðst líta svo á að hann hafi talið nauðsynlegt að bregðast við, annað hefði þýtt að gróft brot á reglu hefði staðið. Jafnframt að hann liti svo á að bann við afskiptum áhorfenda væri hluti staðarreglna fyrir þetta tiltekna mót og skipti minna máli en hitt að koma í veg fyrir gróft brot á reglum eins og það að setja bolta í leik. Hagsmunirnir sem fælust í því að gæta þess að leikurinn væri spilaður samkvæmt reglunum væru meira virði en bann við afskiptum áhorfenda.

Dómari kveðst hafa reynt sitt besta að koma kærða í skilning um að þetta væri með öllu óheimilt en kærði hafi ekki gefið sig og hélt því fram að hann hefði reynt að færa fyrir því rök við dómara að afskipti hans af leiknum hefðu ekki falið í sér brot. Dómari tók fram að eftir talsverðar fortölur hafi honum orðið ljóst að kærði ætlaði ekki að gefa sig og að kærði væri fullviss um að honum væri heimilt að ávarpa leikmenn og jafnvel dæma á þá brot eins og dómari segir kærða hafa sagt. Því ákvað dómari að banna kærða að koma nær keppendum en 50 metra og einnig var honum bannað að ávarpa keppendur, á neinn hátt, sem væru að spila. Ef kærði færi ekki eftir þessu myndi dómari láta fjarlægja hann af vellinum. Ágreiningslaust er að kærði fór í einu og öllu eftir fyrirmælum dómara það sem eftir lifði mótsins.

## II. Málsástæður og kröfugerð kæranda

Að mati kæranda braut hegðun kærða, sem áhorfandi, í bága við 1. kafla golfreglna um golfsíði, auk þess sem hegðun hans hafi verið óíþróttamannsleg og því lítilsvirðing við íþróttina, leikmenn og stjórnendur mótsins, þ.m.t. dómara. Máli sínu til stuðnings vísar kærandi í 1. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ sem tekur einnig til hegðunar áhorfenda í golfmótum. Það er mat kæranda að hin ósæmilega hegðun hafi annars vegar beinst að leikmanni Keilis og hins vegar að Þorgrími Björnssyni, dómara mótsins.

Þá telur kærandi að framkoma kærða feli í sér brot á siðareglum íþróttahreyfingarinnar í heild og rétt sé að skoða hvort framkoma hans kunni að vera brot gegn 14. gr. móta- og keppendareglna ÍSÍ, þar sem fram kemur að „*keppandi skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum. Hann skal sýna dómurum og starfsmönnum mótsins tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá*“.

Kærandi bendir á að þótt ákvæðið taki einvörðungu til keppenda, telur mótsstjórn að hafa megi ákvæðið til hliðsjónar við mat á því hvort áhorfandi hafi gerst sekur um agabrot. Kærandi vísar jafnframt í 35. gr. laga um Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, þar sem rætt er m.a. um „*Að koma ósæmilega fram við, ögra eða hafa í hótunum við yfirvald innan íþróttahreyfingarinnar vegna atvika sem standa í sambandi við trúnaðarstörf yfirvaldsins fyrir íþróttahreyfinguna*.“

Kærandi fer fram á að aganefnd GSÍ kanni sjálfstætt málavexti og beiti eftir atvikum þeim viðurlögum sem nefndin hefur heimild til, samkvæmt 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ, telji nefndin tilefni til þess.

### III. Málsástæður og kröfugerð kærða

Kærði skilaði mjög ítarlegri greinargerð og telur aganefnd ekki hjá því komist að fjalla um kröfugerð hans sem aðallega byggir á frávisun málsins frá aganefnd en til vara krafist sýknu.

Frávísunarkrafa:

Eins og fram hefur komið er það niðurstaða aganefndar að engir formgallar hafi verið á kærinni sem gætu valdið frávisun hennar.

Kærði óskaði eftir því að aganefnd fengi staðfestingu þess að kæra hefði borist innan kærufrests. Að kröfu kærða var tekin skýrsla af Herði Þorsteinssyni framkvæmdastjóra GSÍ og Arnari Geirssyni starfsmanni GSÍ, sem jafnframt var í mótastjórn sveitakeppninnar sem er kærandi í málinu. Staðfestu þeir báðir með framburðarskýrslu fyrir aganefnd að kæran hafi verið afhent á skrifstofu GSÍ þann 5. september s.l. sem var á fjórtánda og jafnframt lokadegi kærufrests.

Kæran telst því hafa borist aganefnd innan kærufrests, sbr. 6. gr. reglugerðar um GSÍ og telst mál þetta höfðað á þeim degi, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar. Aganefnd telur það heldur ekki valda frávisun í málinu þótt framkvæmdastjóri hafi ekki sent aganefnd kærana fyrr en 5 dögum eftir móttöku. Í 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar er ekki kveðið á um hámarksfrest fyrir aganefnd til að senda kærða kæru og fylgigögn, heldur er tekið fram að nefndin skuli senda án tafar og með sannanlegum hætti kæru og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu.

Kærði heldur því fram, að í 1. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ, komi fram að lögsaga aganefndar taki m.a. til áhorfenda að golfmótum. Hins vegar sé ekki tilgreind lagastoð fyrir því að lögsaga nefndarinnar nái til áhorfenda. Reglugerðin sé sett af stjórn GSÍ, skv. heimild í lögum GSÍ, sem kærði telur ekki nægjanlega lagastoð þess að lögsaga nefndarinnar taki til áhorfenda í golfmótum. Kærði krefst þess að aganefnd vísi málinu frá á þeirri forsendu að lagastoð skorti fyrir agavaldi hennar yfir áhorfendum á golfmótum.

Á þetta fellst aganefnd ekki. Samkvæmt 1. og 3. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ skal nefndin úrskurða um agabrot og óþrúðmannlega eða ámælisverða framkomu hvort heldur í hlut eiga leikmenn, forystumenn golfklúbba, dómarmar, áhorfendur, þjálfarar eða aðrir. Reglugerðin er sett með stoð í 17. gr. laga um GSÍ sem samþykkt voru á golfþingi í nóvember 2003, nú 18. gr. laga um GSÍ, sem sett voru á golfþingi í nóvember 2011.

Enginn greinarmunur er gerður á tilnefndum aðilum í nefndum ákvæðum reglugerðar og gilda sömu sjónarmið varðandi alla þá aðila sem taldir eru upp í ákvæðum reglugerðarinnar sem lögsaga aganefndar nær til. Aganefnd hefur margsinnis úrskurðað aðila til viðurlaga á grundvelli reglugerðarinnar og þá hefur aganefnd einnig þegar tekið

afstöðu til þess að agavald nefndarinnar nái yfir áhorfendur á golfmótum, sbr. úrskurð í máli aganefndar GSÍ nr. 1/2012.

Kröfugerð ófullkomin í kæru. Kærði vísar til staflíðs d í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ, þar sem mælt er fyrir að kæra skuli innihalda greinargóða lýsingu á því hvaða kröfur séu gerðar í málinu. Vísar kærði um kröfugerð til seinni hluta kröfugerðar kæranda og telur að þar sé ekki greinargóð lýsing á kröfum í málinu, þar sem þess er krafist að aganefnd kanni aðra málavexti sjálfstætt. Kærði telur það ekki hlutverk nefndarinnar samkvæmt reglugerð að standa að rannsókn máls, umfram það sem felst í móttöku kæru og andmæla.

Telur kærði að rannsókn máls sé á forræði aðila þess en ekki aganefndar. Þá sé ekki gerð krafa um viðurlög, heldur farið fram á að aganefnd beiti eftir atvikum viðurlögum, telji hún tilefni til. Krafa um viðurlög hljóti að vera forsenda þess að þeim verði beitt og aganefnd beiti ekki viðurlögum af sjálfsdáðum. Kærði telur af þessum sökum kröfugerð í málinu engan veginn fullnægjandi og því beri að vísa málinu frá.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ er það hlutverk aganefndar að úrskurða um agabrot og óþrúðmannlega eða ámælisverða framkomu, þeirra aðila sem lögsaga nefndarinnar nær til. Samkvæmt því sem fram kemur í 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar getur aganefnd m.a. tekið vitna- og/eða aðilaskýrslur fyrir nefndinni eða „*annað það sem taka þarf ákvörðun um varðandi málsmeðferð málsins eftir móttöku þess*“ Aganefnd lítur svo á að í þessu felist að heimild til handa nefndinni til að kanna sjálfstætt m.a. málavexti og annað það sem máli skiptir við úrlausn kæruefna.

Í máli þessu er gerð krafa um að aganefnd taki til meðferðar framkomu kærða í garð keppanda og dómara í mótinu. Er aganefnd þar með falið að úrskurða um hvort átt hafi sér stað agabrot eða kærði sýnt af sér óþrúðmannlega eða ámælisverða framkomu, sem er hlutverk nefndarinnar að komast að niðurstöðu um. Aganefnd telur kærana uppfylla ákvæði 7. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ en tekur jafnframt fram að alla jafna séu ólögglærðir aðilar sem leggi kærur fyrir aganefnd og ekki sé hægt að ætlast til að kröfugerð uppfylli jafnströng fyrirmæli og almennt réttarfar fyrir héraðsdómstólum. Telur aganefnd því að það hljóti að hvíla rik skylda til rannsóknar mála hjá nefndinni, enda er nefndinni ætlað að taka á agabrotum í mótum á vegum GSÍ.

Kæra rituð af starfsmanni GSÍ. Kærði bendir á að kærana hafi verið rituð af starfsmanni GSÍ sem einnig sat í mótsstjórn sveitakeppninnar og á bréfsefni GSÍ. Kærði telur að með þessu sé gefið til kynna að sambandið standi að baki kærinni, sem sé ekki rétt og þetta feli í sér misnotkun kæranda á aðstöðu, í því skyni að auka kærinni að auka vægi kærunnar. Samanlagt með öðrum frávísunarliðum eigi þetta að valda frávísun málsins.

Mótið var á vegum GSÍ, þeir golfklúbbar sem tóku þátt í mótinu eru í GSÍ og dómara og aðrir starfsmenn sinna störfum fyrir GSÍ. Því er ekkert óeðlilegt við að starfmaður, sem jafnframt var í mótsstjórn, riti kærana á bréfsefni GSÍ fyrir hönd kæranda.

Með hliðsjón af framangreindum rökstuðningi er ekki fallist á frávísunarkröfu kærða.

Sýknukrafa:

Kærði byggir sýknukröfuna í fyrsta lagi á því að 1. kafli golfreglna um golfsiði, 14. gr. móta- og keppendareglna ÍSÍ og 35. gr. laga um Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, taki aðeins til leikmanna og kylfubera en ekki til áhorfenda. Ekki sé unnt að beita rýmkandi skýringu eða löggjöfnun frá greininni og láta hana þar með taka líka til áhorfenda. Kærði vísar máli sínu til stuðnings í ákvæði 69. gr. Stjórnarskrár Íslands, sem geymir fyrirmæli um skýrleika refsheimilda en kærði telur að refsing verið þ.a.l. ekki byggð á tilgreindum kafla golfreglnanna og því verði að sýkna.

Kærði andmælir því að hafa gerst sekur um óíþróttamannslega hegðun sem feli í sér lítilsvirðingu við íþróttina. Nær sé að tala um að það sem lítilsvirðingu við íþróttina að sjá brot eins og það sem var uppruni þessa máls og láta óátalið. Þá mótmælir kærði því alfarið að hann hafi með einhverjum hætti sýnt dómara vanvirðingu eða farið um hann niðrandi orðum. Kærði viðurkennir að hann hafi, á meðan leik stóð, reynt að færa rök fyrir því við dómara leiksins að dómari hefði rangt fyrir sér varðandi afskipti kærða af leikmanni. Kærði telur það rétt sakaðs manns að fá að flytja mál sitt fyrir dómara og að dómari eigi ekki rétt á því að menn samsinni þeim í einu og öllu. Þótt hann hafi verið ósammála niðurstöðu dómarans og hafi gert honum grein fyrir því, teljist það ekki ósæmileg framkoma við dómara, að ekki sé talað um ögrun eða hótanir, er ekki aðeins rangt heldur meiðandi.

Kærði heldur því einnig fram að reglur um afskipti áhorfenda í sveitakeppninni hafi verið settar til að koma í veg fyrir óeðlileg afskipti foreldra af golfleik barna sinna en ekki til að auðvelda leikmönnum að brjóta reglur. Kærði segist hafa orðið vitni að slíku broti og hann hafi komið í veg fyrir að leikmaður kæmist upp með það. Kærða er fullkunnugt um að áhorfendur eigi ekki að skipta sér af leik en sú regla taki hins vegar ekki til þess þegar áhorfandi sér leikmann brjóta reglur. Reglan víki fyrir stærri hagsmunum um að leikið sé samkvæmt leikreglum.

Þá telur kærði að aðalþjálfari Keilis hafi beitt dómara og mótssjórn m.a. hótun um að draga lið sín úr keppni yrði kærða ekki meinað að mæta á völlinn að nýju og að dómara hafi ekki gengið vel að róa þjálfarana. Dómari og mótssjórn hafi þó ekki séð ástæðu til þess að kæra þjálfarann en mótssjórn og dómarar séu bundnir jafnræðissjónarmiðum í störfum sínum. Þeim beri að afgreiða sambærileg tilvik með sambærilegum hætti sem ekki hafi verið gert í þessu tilviki.

Til stuðnings sýknukröfu sinni vísar kærði til atviks í sveitakeppni kvenna 2013 sem ekki var kært til aganefndar af mótssjórn, dómara eða eftirlitsmanni með sveitakeppninni. Um málið hafi verið sérstaklega fjallað í stjórn GSÍ og þar tekin ákvörðun um að kæra ekki til aganefndar. Stjórn GSÍ er æðsta yfirvald golfhreyfingarinnar og ákvörðun stjórnar GSÍ feli í sér viðmið um hvað þurfi að kom til svo að til kæru komi. Með hliðsjón af framangreindu atviki geti það sem kært er í þessum máli vart talist kæru vert. Kærði telur að aganefnd sé bundin af mati stjórnar GSÍ í því efni, enda sé reglugerð um aganefnd sett af stjórninni, sem er því nokkurs konar löggjafarvald að því er varðar aganefndina.

Þá vísar kærði til þess að hann hafi virt áminningu dómara í hvívetna og þar með tekið út sína refsingu. Í 4.gr. 7. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sem veitt var lagagildi á Íslandi með lögum 62/1994, sé að finna reglu um réttinn til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis fyrir sama brot. Kærði vill ekki una því að vera refsað tvívegis fyrir sama atvikið, sem hann telur auk þess ekki vera brot og að lögsaga aganefndar nái ekki til hans sem áhorfanda.

#### **IV. Forsendur og niðurstaða**

Eins og fyrr greinir þá fer málsatvikalýsing í kærú og greinargerð kærða í öllum meginatriðum saman um þau atvik sem mestu skipta að mati aganefndar og verða þau lögð til grundvallar við úrlausn þessa máls.

Samkvæmt 1. og 3. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ skal nefndin úrskurða um agabrot og óþrúðmannlega eða ámælisverða framkomu hvort heldur í hlut eiga leikmenn forystumenn golfklúbba, dómara, áhorfendur þjálfara eða aðrir.

Virðing og kurteisi gagnvart keppendum, dómurum, mótsstjórn og öðrum starfsmönnum golfmóta verður að teljast sjálfsgöð auk þess sem hún hefur verið fest í golfreglur. Þá hvílir t.a.m. sú skylda á kylfingum að sýna dómurum og starfsmönnum golfmóta ávallt tilhlýðilega virðingu við leik sinn, sbr. 10. gr. keppnisáttmála mótanefndar GSÍ, sem gefnir eru út skv. reglu 22-1 í golfreglum fyrir þau mót sem haldin eru á vegum sambandsins, 10. gr. móta og keppendareglna GSÍ auk 14. gr. móta og keppendareglna Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Við mat á því hvort hegðun teljist vera óþrúðmannleg eða ámælisverð telur aganefnd eðlilegt að leggja þessar reglur til grundvallar, auk almennra mælikvarða enda hefur aganefnd GSÍ þegar sett fordæmi hvað þetta varðar í úrskurði nr. 1/2012.

Aganefnd telur lýsingu málsaðila á málsatvikum nær samhljóða hvað varðar afskipti kærða af keppanda Keilis og um orðaskipti á milli kærða og dómara mótsins og telst lýsingin því óumdeild hvað varðar þau atriði málsins sem aganefnd telur skipta máli vegna niðurstöðu sinnar.

Kærði, sem var áhorfandi á mótinu, hefur í málinu viðurkennt að hafa skipt sér af leik keppanda í holukeppni í sveitakeppni drengja 15 ára og yngri auk þess að deila við dómara um leikreglur. Er það ámælisvert að mati aganefndar, sér í lagi þegar horft er til þess að um unglíngamót var að ræða, þar sem fjöldi barna og ungmenna var saman kominn. Samkvæmt framangreindum golfreglum er ljóst að áhorfendur hafa enga heimild til að skipta sér af keppanda í golfleik.

Í holukeppni gilda sérstakar reglur og samkvæmt reglu 2-5 í golfreglum, skal leikmaður setja fram kröfu ef ágreiningur eða vafi kemur upp milli leikmanna. Leikmaður verður að tilkynna mótherja sínum að hann leggi fram kröfu sem hann æski úrskurðar um hjá mótanefnd, áður en nokkur leikmaður leikur af næsta teig. Þetta þýðir að dómara mega ekki skipta sér af leik keppanda að fyrri bragði, nema vegna reglna 1-3, 6-7 og 33-7, sem ekki er deilt um í þessu máli, jafnvel þótt þeir sjái keppendur brjóta golfreglur. Þannig ber

hver leikmaður í holukeppni alla ábyrgð á því að gæta sinna hagsmuna, sbr. reglu er tók gildi 2012 við síðustu útkomu reglubókarinnar, undir skilgreiningu á Dómara (Referee), bls. 23 í Reglubókinni.

Af öllu framangreindu virtu er það niðurstaða aganefndar að háttsemi kærða hafi verið ámælisverð. Þykja viðurlög hæfilega ákveðin áminning til kærða. Ekki þykir ástæða til að skilyrða áminninguna, líkt og heimilt er skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd.

## V. Úrskurður

Kærði er áminntur.

Reykjavík, 10. nóvember 2014  
f.h. aganefndar

  
Guðmundína Ragnarsdóttir, formaður

  
Eggert Eggertsson

  
Þorvaldur Jóhannesson